



*Almenn atriði um
viðbrögð við
alvarlegum
smítsjúkdómum
í dýrum*

2007

Efnisyfirlit

1.	Löggjöf.....	3
1.1	Tilkynning um grun um alvarlegan smitandi dýrasjúkdóm.....	3
1.2	Slátrun smitaðra dýra og dýra sem geta verið smituð, förgun hræja, sóttthreinsun og aðrar aðgerðir á smituðum búum, m.a. bólusetning	3
1.3	Bann við flutningi dýra og aðrar takmarkanir.....	4
1.4	Aðgangur að stöðum þar sem dýr eru haldin.....	4
1.5	Starfræksla á stöðum til förgunar á dýrahæjum	4
2.	Fjárhagsleg ákvæði	5
2.1	Kostnaður vegna starfsfólks umfram venjulegan rekstur	5
2.2	Kostnaður vegna fjölnota og einnota búnaðar, slátrunar dýra og förgunar hræja og annars smitnæms úrgangs, sem og sóttthreinsunar	5
2.3	Kostnaður vegna bóta til dýraeigenda	5
2.4	Kostnaður vegna bólusetningar í neyðartilvikum.....	5
3.	Boðleiðir og fyrstu viðbrögð.....	6
3.1	Almenningur	6
3.2	Lögreglan	6
3.3	Rannsóknarstofur	6
3.4	Sjálfstætt starfandi dýralæknar, sérgreinadýralæknar, eftirlitsdýralæknar	6
3.5	Héraðsdýralæknar	7
3.6	Yfirdýralæknir	8
3.7	Forstjóri Landbúnaðarstofnunar	8
4.	Stjórnstöðvar	9
4.1	Aðalstjórnstöð.....	9
4.2	Stjórnstöðvar í héraði.....	10
5.	Sérfræðinganefnd.....	10
6.	Starfsfólk.....	10
7.	Tækjabúnaður	11
8.	Leiðbeiningar um viðbrögð við smitandi sjúkdómi í dýrum	11
9.	Rannsóknarstofur	11
10.	Áætlun um neyðarbólusetningu	11
11.	Þjálfun	11
12.	Miðlun upplýsinga	11

1. Löggjöf

Ákvæði um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim er að finna í lögum nr. 25/1993.

“Tilgangur laganna er:

- a. að stuðla að góðu heilsufari dýra í landinu og koma í veg fyrir að nýir smitsjúkdómar berist til landsins,
 - b. að fylgjast með og hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra,
 - c. að tryggja að búfjárafurðir, framleiddar í landinu, verði sem heilnæmastar”.
- (1. gr. laga nr. 25/1993).

Nánari ákvæði um viðbrögð við smitsjúkdómum er að finna í reglugerð nr. 665/2001

“Tilgangur þessarar reglugerðar er að bregðast við, hindra útbreiðslu og útrýma smitsjúkdómum er kunna að berast til landsins”. (2. gr. reglugerðar nr. 665/2001).

1.1 Tilkynning um grun um alvarlegan smitandi dýrasjúkdóm

“Hverjum þeim, sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem lög þessi ná yfir, ber án tafar að tilkynna það hverjum þeim dýralækni sem til næst eða lögreglu. Skylt er lögreglu að hafa strax samband við dýralækni. Telji dýralæknir ástæðu til skal hann tafarlaust gera ráðstafanir til að fá sjúkdómsgreiningu sína staðfesta og hindra útbreiðslu sjúkdómsins.

Leiði rannsókn í ljós eða dýralæknir fær grun um að um sé að ræða smitsjúkdóm, sem tilgreindur er í viðaukum 1A og 1B með lögum þessum eða smitsjúkdóm áður óþekktan hér á landi, skal dýralæknir án tafar tilkynna það yfirdýralækni. Jafnframt ber honum að grípa til varúðarráðstafana gegn útbreiðslu eða til útrýmingar sjúkdóminum, einnig að banna afhendingu dýrsins eða afurða þess og sjá um að einangra dýrið og önnur dýr sem kunna að bera smit, svo og nánasta umhverfi þeirra. Enn fremur skal hann sjá um að hlutir og vörur, sem komist hafa í snertingu við dýrið, verði sótthreinsuð eða þeim eytt og að aflífa dýrið eða gera aðrar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar teljast. Eigendum dýra er skylt að veita alla nauðsynlega aðstoð vegna varúðarráðstafana sem framkvæmdar eru á grundvelli þessarar málsgreinar. ...” (5. gr. laga nr. 25/1993).

1.2 Slátrun smitaðra dýra og dýra sem geta verið smituð, förgun hræja, sótthreinsun og aðrar aðgerðir á smituðum búum, m.a. bólusetning

“Landbúnaðarráðherra getur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum Landbúnaðarstofnunar fyrirskipað hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að útrýma eða hindra útbreiðslu þeirra dýrasjúkdóma sem taldir eru upp í viðaukum 1A, 1B og 2 og til að afstýra hættu og tjóni af völdum útbreiðslu þessara sjúkdóma. Ráðstafanir þessar ná yfir:

1. Dýr:

- a. rannsóknir, þar með talda sýnatöku til sjúkdómsgreiningar,
- b. sjúkdómsmeðferð,

- c. ónæmisaðgerðir,
 - d. merkingar og einangrun,
 - e. eftirlit,
 - f. förgun og eyðingu,
 - g. bann við innflutningi eða útflutningi.
2. Dýraafurðir, fóður, húsdýraáburð og annað sem mengað er og kann að bera smit:
- a. rannsóknir á mögulegu smitefni,
 - b. gerilsneyðingu, sóttgreining og dauðgreining,
 - c. eyðingu,
 - d. bann við innflutningi eða útflutningi.
3. Byggingar, starfssvæði, vélar, verkfæri og farartæki:
- a. greining og sóttgreining,
 - b. eftirlit og einangrun.
4. Eigendur og umráðaaðila dýra, starfsfólk þeirra, fatnað og tæki sem kunna að bera smitefni:
- a. rannsóknir, þar með talda sýnatöku til sjúkdómsgreiningar,
 - b. greining, sóttgreining og eyðingu fatnaðar”. (8. gr. laga nr. 25/1993).

1.3 Bann við flutningi dýra og aðrar takmarkanir.

“Heimilt er landbúnaðarráðherra að takmarka eða banna dýrahald á afmörkuðum svæðum þar sem ætla má að heilbrigði dýra sé sérstök hættu búin að mati Landbúnaðarstofnunar”. (9. gr. laga nr. 25/1993).

“Landbúnaðarstofnun er heimilt að takmarka eða banna flutning dýra, vöru eða tækja milli eða innan sóttvarnarsvæða telji hann að það valdi eða sé líklegt til að valda útbreiðslu sjúkdóma meðal dýra”. (11. gr. laga nr. 25/1993).

1.4 Aðgangur að stöðum þar sem dýr eru haldin

“Landbúnaðarstofnun, héraðsdýralæknum og fulltrúum þeirra skal hvenær sem er vera heimill aðgangur að húsnæði, búum og fyrirtækjum þar sem dýr, eða afurðir þeirra, eru geymd og skulu þeim veittar allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits og rannsókna sem óskað er eftir á grundvelli laga þessara”. (22. gr. laga nr. 25/1993).

1.5 Starfræksla á stöðum til förgunar á dýrahræjum

“Sveitarstjórn skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu”. (6. gr. reglugerðar nr. 737/2003).

“Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir móttökustöðvar ... og hefur eftirlit með því að starfsleyfishafi fari að ákvæðum þess”. (4. gr. reglugerðar nr. 737/2003).

2. Fjárhagsleg ákvæði

2.1 Kostnaður vegna starfsfólks umfram venjulegan rekstur

“Þóknun og ferðakostnaður vegna starfa dýralæknis eða annarra sem takast á hendur verkefni sem leiðir af framkvæmd þessara laga samkvæmt fyrirmælum Landbúnaðarstofnunar skal greiddur úr ríkissjóði”. (16. gr. laga nr. 25/1993).

2.2 Kostnaður vegna fjölnota og einnota búnaðar, slátrunar dýra og förgunar hræja og annars smitnæms úrgangs, sem og sóthreinsunar

“Ríkissjóður greiðir kostnað vegna einangrunar búfjár sem ákveðin er til varnar sjúkdómum sem taldir eru upp í viðauka 1A með lögum þessum, svo og efniskostnað vegna nauðsynlegrar hreinsunar og sóthreinsunar, einnig kostnað vegna aflífunar, eyðingar hræja og notkunar tækja sem þarf til fyrrgreindra verka. Ríkissjóður greiðir kostnað vegna einangrunar og gæslu svæða, enda sé einangrunin fyrirskipuð af landbúnaðarráðherra. Eigendum búfjár er skylt að leggja fram endurgjaldslaust alla ófaglega vinnu og aðstoð við hreinsun, sóthreinsun og aflífun dýra”. (17. gr. laga nr. 25/1993).

2.3 Kostnaður vegna bóta til dýraeigenda

“Eigendur búfjár, sem fargað er samkvæmt fyrirmælum landbúnaðarráðherra að tillögum Landbúnaðarstofnunar, eiga rétt á bótum úr ríkissjóði.

Bætur ríkissjóðs svara til verðgildis afurða og rekstrartaps sem sannanlega leiðir af eyðingu dýranna. Heimilt er að víkja frá ákvæðum þessarar málsgreinar um bætur þegar fyrirskipaður er niðurskurður á kynbótagripum.

Sé unnt að nýta afurðir dýra að hluta eða í heild skal verðmæti þeirra afurða koma til frádráttar heildarbótagreiðslum. Ekki koma bætur fyrir dýr sem eru óveruleg að verðmæti, nema því aðeins að til þess liggi gildar ástæður.

Bótaskylda ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum nær eingöngu til búfjár”. (20. gr. laga nr. 25/1993).

2.4 Kostnaður vegna bólusetningar í neyðartilvikum

“Bannað er að bólusetja við smitsjúkdómum í viðauka 1 A og skal þeim útrýmt með niðurskurði”. (4. gr. reglugerðar nr. 665/2001).

3. Boðleiðir og fyrstu viðbrögð

3.1 Almennigur

“Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi ber án tafar að tilkynna það dýralækni eða lögreglu”. (5. gr. reglugerðar nr. 665/2001).

3.2 Lögreglan

Fái lögreglan tilkynningu um grun um smitsjúkdóm skal hún án tafar tilkynna næsta héraðsdýralækni eða Landbúnaðarstofnun um gruninn, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 665/2001.

3.3 Rannsóknarstofur

Vakni grunur hjá starfsmanni rannsóknarstofu um alvarlegan smitandi sjúkdóm í dýrum, skal hann bregðast við sem hér segir:

- Tilkynna héraðsdýralækni um gruninn, án tafar.
- Tilkynna Landbúnaðarstofnun um gruninn, án tafar.
- Fara að fyrir mælum héraðsdýralækni um aðgerðir og nánari rannsóknir.
- Gera þær varúðarráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fyrirbyggja smithættu frá hræjunum eða sýnunum.

3.4 Sjálfstætt starfandi dýralæknar, sérgreinadýralæknar, eftirlitsdýralæknar

Vakni grunur hjá dýralækni um alvarlegan smitandi sjúkdóm í dýrum, skal hann bregðast við sem hér segir:

- Tilkynna umsjónarmanni dýranna um gruninn og veita honum fyrir mæli um fyrstu varúðarráðstafanir.
- Tilkynna héraðsdýralækni um gruninn án tafar.
- Fara að fyrir mælum héraðsdýralækni um aðgerðir, sýnatökur, rannsóknir o.s.frv..
- Gefa fyrir skipanir um fyrstu smitvarnir eftir atvikum:
 - Fyrir skipa einangrun allra dýra á staðnum.
 - Banna flutning dýra til og frá staðnum.
 - Banna brottflutning dýraafurða, dýrahreja, úrgangs, fódurs og alls annars sem smitið getur borist með.
 - Banna aðgang fólks að staðnum, að undanskildum þeim sem nauðsynlega þurfa að koma á staðinn.
 - Skrá nöfn og símanúmer allra sem nauðsynlega þurfa að yfirgefa staðinn. Gera fólkinu grein fyrir smithættunni og gefa því fyrir mæli um að fara í sturtu og hafa fataskipti fyrir brottför.

- Skrá númer þeirra farartækja sem nauðsynlega þarf að fara með af staðnum, svo og nafn og símanúmer bílstjóra. Sjá til þess að farartækin séu þrífín og sótthreinsuð fyrir brottför.

3.5 Héraðsdýralæknar

Vakni grunur hjá héraðsdýralækni um alvarlegan smitandi sjúkdóm í dýrum, skal hann bregðast við sem hér segir:

- Tilkynna um gruninn munnlega og skriflega
 - Til umsjónarmanns dýranna
 - Til Landbúnaðarstofnunar
 - Til allra sem tengjast starfsemi viðkomandi bús.
 - Til forstöðumanns sláturhúss, ef við á.
 - Til flutningsaðila sem tengjast búi eða sláturhúsi.
 - Til forstöðumanns mjólkurbús, ef við á.
- Hafa samband við rannsóknarstofuna á Keldum og gera ráðstafanir til að fá sjúkdómsgreiningu staðfesta.
- Taka sýni, búa þau til flutnings og senda þau til Keldna.
- Gefa fyrirskipanir um fyrstu smitvarnir eftir atvikum:
 - Afmarka svæðið með borða og setja upp viðvörunarskilti.
 - Hýsa öll móttækileg dýr á staðnum.
 - Banna flutning dýra til og frá staðnum.
 - Banna brottflutning dýraafurða, dýrahæja, úrgangs, fóðurs og alls annars sem smitið getur borist með.
 - Banna aðgang fólks að staðnum, að undanskildum þeim sem nauðsynlega þurfa að koma á staðinn.
 - Skrá nöfn og símanúmer allra sem nauðsynlega þurfa að yfirgefa staðinn. Gera fólkinu grein fyrir smithættunni og gefa því fyrirmæli um að fara í sturtu og hafa fataskipti fyrir brottför.
 - Skrá númer þeirra farartækja sem nauðsynlega þarf að fara með af staðnum, svo og nafn og símanúmer bílstjóra. Sjá til þess að farartækin séu þrífín og sótthreinsuð fyrir brottför.
- Afla upplýsinga hjá umsjónarmanni dýranna um tengsl við aðra bæi (áhættubæir) og um fólk sem komið hefur í gripahúsin (hugsanlegir smitberar), síðast liðnar 3 vikur.
- Afla nánari upplýsinga um hugsanlegar smitleiðir og dreifingu smits.
- Taka ákvörðun um og undirbúa framkvæmd á:
 - Aflifun dýra
 - Förgun hræja
 - Þrif og sótthreinsun húsa
 - Þrif og sótthreinsun flutningabíla

3.6 Yfirdýralæknir

Berist yfirdýralækni tilkynning um grun um alvarlegan smitandi sjúkdóm í dýrum skal hann bregðast við sem hér segir:

- Tilkynna landbúnaðarráðherra munnlega um gruninn og framvindu mála.
- Leggja fram tillögur að:
 - Hvort bráðabirgðarbann þurfi að setja á flutninga á dýrum og öðru sem borið getur smitið á ákveðnu svæði eða landinu öllu, sbr. heimild í 11. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993. (Ákvörðun í höndum LBS).
 - Staðsetningu- og stærð bann-, verndar- og eftirlitssvæða. (Ákvörðun í höndum landbúnaðarráðherra).
 - Nánari rannsóknum (í samvinnu við smitsjúkdómanefnd eða fisksjúkdómanefnd).
- Aðstoða héraðsdýralækni við:
 - Ákvörðun um fyrstu varúðarráðstafanir til að hindra smitdreifingu frá þeim stað sem dýr með grunsamleg einkenni eru.
- Hafa umsjón með samskiptum við fjölmiðla.
 - Skipuleggja og stjórna blaðamannafundum.
 - Svара faglegum fyrirspurnum frá fjölmiðlum og öðrum.

3.7 Forstjóri Landbúnaðarstofnunar

Berist forstjóra Landbúnaðarstofnunar tilkynning um grun um alvarlegan smitandi sjúkdóm í dýrum skal hann bregðast við sem hér segir:

- Tilkynna skriflega um gruninn til:
 - Landbúnaðarráðherra
 - Starfsfólks LBS
 - Fjölmiðla
 - Erlendra stofnana
 - Yfirdýralækna
 - ESB
 - OIE
- Kalla inn fólk í stjórnstöð
 - Smitsjúkdómanefnd, eða fisksjúkdómanefnd eftir því sem við á, sbr. reglugerð um viðbrögð við smitsjúkdómum nr. 665/2001.
 - Sérfræðinga og annað starfsfólk, eftir því sem við á:
 - Sérgreinadýralækna LBS
 - Forstöðumenn allra sviða LBS
 - Sérfræðinga frá Keldum
 - Ritara LBS

4. Stjórnstöðvar

4.1 Aðalstjórnstöð

Skrifstofa Landbúnaðarstofnunar þjónar sem aðalstjórnstöð, komi upp alvarlegur smitandi sjúkdómur í dýrum. Á skrifstofunni eru allar helstu gerðir samskiptatækja, tölvur, kort og listar yfir alla aðila sem vitað er að tilkynna þarf um sjúkdóminn til og aðila sem þarf að fá aðstoð frá.

Sóttvarnadýralæknir er verkstjóri í stjórnstöð. Helstu verkefni stjórnstöðvar eru sem hér segir:

- Tilkynna um gruninn, munnlega og skriflega.
 - Til allra dýralækna.
 - Til aðila í viðkomandi héraði eftir því sem við á:
 - Lögregla
 - Mjólkurbú
 - Sláturhús
 - Flutningsaðilar
 - Búnaðarsamband
 - Heilbrigðiseftirlit
 - Sveitarstjórn
 - Sóttvarnalæknir
 - Til aðila í landinu eftir því sem við á:
 - Almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra
 - Bændasamtök Íslands
 - Búnaðarsambönd
 - Landssamband sláturleyfishafa
 - Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði
 - Sóttvarnalæknir
 - Sóttvarnalæknar í héraði
 - Fóðurstöðvar
 - Flutningsaðilar
 - Rannsóknarstofur
 - Umhverfisstofnun
 - Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga
 - Náttúrufræðistofnun
 - Samband íslenskra sveitarfélaga
- Safna og vinna úr faraldsfræðilegum upplýsingum
 - Fá upplýsingar frá héraðsdýralæknum um tengsl grunaðra bæja og annarra bæja (áhættubæir), og fólk sem komið hefur í gripahúsin á grunuðum bæ (hugsanlegir smitberar), síðast liðnar 3 vikur.
 - Vinna úr upplýsingum frá dýralæknum, rekja smitleiðir og kortleggja dreifingu.
- Hindra smitdreifingu

- Hafa samband við áhættubæi og gefa fyrirmæli um fyrstu varúðarráðstafanir.
- Hafa samband við hugsanlega smitbera, gefa fyrirmæli um varúðarráðstafanir og spyrja um tengsl þeirra við skepnur á öðrum bæjum.
- Vera í sambandi við héraðsdýralækna og aðstoða þá við ákvarðanatöku og undirbúning framkvæmda á:
 - Smitvörnum
 - Aflífun dýra
 - Förgun hræja
 - Þrif og sótthreinsun húsa
 - Þrif og sótthreinsun flutningabíla

4.2 Stjórnstöðvar í héraði

Skrifstofur héraðsdýralækna þjóna sem stjórnstöðvar í héraði, komi upp alvarlegur smitandi sjúkdómur í dýrum. Á skrifstofunum eru allar helstu gerðir samskiptatækja, tölvur, kort og listar yfir alla aðila sem vitað er að tilkynna þarf um sjúkdóminn til og aðila sem þarf að fá aðstoð frá.

5. Sérfræðinganefnd

“Komi upp grunur um alvarlegan smitsjúkdóm skipar landbúnaðarráðherra þriggja manna smitsjúkdómanefnd sem skal vera Landbúnaðarstofnun til ráðgjafar og aðstoðar. Í nefndinni skulu sitja eftirfarandi sérfræðingar: Sérgreinadýralæknir viðkomandi dýrategundar, sérfræðingur á greiningarstöð og sérfræðingur í örverufræði/faraldsfræði. Þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um smitsjúkdóm skal yfirdýralæknir kalla saman smitsjúkdómanefnd í stjórnstöð. Hún skal stjórna viðbrögðum og aðgerðum samkvæmt viðbragðsáætlun.

Ef um er að ræða alvarlegan smitsjúkdóm í fiskum, skeldýrum og krabbadýrum skal fisksjúkdómanefnd gegna hlutverki smitsjúkdómanefndar, en hún er skipuð skv. lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum”. (8. gr. reglugerðar nr. 665/2001).

6. Starfsfólk

Hjá Landbúnaðarstofnun starfa héraðsdýralæknar, sérfræðingar á sviði hvekkar búfjártegundar, sérfræðingar í heilbrigðiseftirliti með sláturafurðum, meinafræðingar og faraldsfræðingur. Náíð samstarf er við Tilraunastöðina á Keldum þar sem starfa sérfræðingar á ýmsum sviðum s.s. örverufræði, veirufræði og meinafræði.

7. Tækjabúnaður

Viðbúnaðarkista er á skrifstofu Landbúnaðarstofnunnar og hvers héraðsdýralæknis með nauðsynlegum áhöldum til sýnatöku og sendingu sýna, ásamt möppu með viðbragðsáætlun Landbúnaðarstofnunnar, eyðublöðum, leiðbeiningum o.fl..

8. Leiðbeiningar um viðbrögð við smitandi sjúkdómi í dýrum

Allir héraðsdýralæknar og aðrir starfsmenn LBS sem að dýrasjúkdómum koma hafa möppu með gátlista fyrir fyrstu viðbrögð, eyðublöðum fyrir sýnatökur, eyðublöðum fyrir tilkynningar, eyðublöðum fyrir faraldsfræðilegar upplýsingar, ýmsar leiðbeiningar o.fl..

Leiðbeiningar um boðleiðir og fyrstu viðbrögð er einnig að finna á heimasíðu Landbúnaðarstofnunnar www.lbs.is. Þar má líka nálgast upplýsingar um einkenni og faraldsfræði ýmissa smitsjúkdóma.

9. Rannsóknarstofur

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, skal "...annast rannsóknir og þjónustu í þágu heilbrigðiseftirlits, sjúkdómsgreininga og sjúkdómsvarna fyrir búfé og önnur dýr í samstarfi við Landbúnaðarstofnun og þróa aðferðir í því skyni. Enn fremur að vera Landbúnaðarstofnun til ráðuneytis um allt er varðar sjúkdóma í dýrum og varnir gegn þeim". (2. gr. laga nr. 67/1990).

Tilraunastöðin hefur gert samkomulag við Dansk Veterinær Institut í Danmörku og The Veterinary Laboratory Agency í Englandi um að taka við sýnum til rannsókna þegar fyrir liggur grunur um alvarlegan smitandi sjúkdóm, sem ekki eru aðstæður til að rannsaka hér.

10. Áætlun um neyðarbólusetningu

"Bannað er að bólusetja við smitsjúkdómum í viðauka 1 A og skal þeim útrýmt með niðurskurði". (4. gr. reglugerðar nr. 665/2001).

11. Þjálfun

Af og til eru haldin námskeið og æfingar í viðbrögðum við smitsjúkdómum fyrir starfsfólk Landbúnaðarstofnunnar og aðra eftir því sem við á hverju sinni.

12. Miðlun upplýsinga

Leiðbeiningar um boðleiðir og fyrstu viðbrögð er að finna á heimasíðu Landbúnaðarstofnunar www.lbs.is. Þar má líka nálgast upplýsingar um einkenni og faraldsfræði ýmissa smitsjúkdóma.